

tekur eftir því, fyr en rimman er öll um garð gengin.

Ekki hefir nú reyndar skoðanamunurinn um þjóðernismálið lent oft út í opinberar blaða-rimmur, en öfgum tvennskonar hefir þó lent þar saman, og þær hafa við áreksturinn hreytt frá sér fáeinum sannleiks-neistum, sem vert er á að líta — svo eg breyti líkingunni ofurlítið, með leyfi lesandans.

Öfgar eru það á aðra hlið, að vilja girða í kring um íslenzka hópinn hér — gjöra sjálfa oss og niðja vora að eilífum útlendingum í landi þessu. Reyndar kannast víst fáir við, að einmitt þetta sé ósk sín, og það er eðlilegt, þar sem ekki þarf annað en að lýsa þeim hugsunarhætti með berum orðum til þess að sjá, hve fráleitur hann er. En hann segir þó til sín óbeinlínis í rökum og anda, þegar rætt er um þjóðernismálið.

Einangrunar - tilhneiging þessi getur gert út af við sjálft íslenzku viðhaldið, verði hún einráð um það mál; hún er svo gagnstæð því, sem rétt er. Vér höfum nú einu sinni sezt að í þessu landi og ætlum að bera beinin hér; vér megum því ekki skorast undan að borga landskuldina. Landi þessu skuldum vér í einu orði það, að verða hérlendir í orðsins bezta skilningi; vér skuldum því alt það gott og nýtilegt, sem vér eigum, bæði einstaklingarnir og heildin — og einmitt sú skuld er ein aðal ástæðan fyrir því, að vér megum ekki varpa á sorphaug gleyskunnar öllu því gulli, sem vér höfðum með oss frá Íslandi. Til landskuldarinnar teljast þessar kvaðir: hjarta vort,

því að landið er vort land, og vér eigum að elska það; kraftar vorir óskiftir og ötullega notaðir; hollusta og trygð af vorri hálfu í öllum landsmálum; mannblendni, svo að tunga þjóðarinnar verði jafntöm fólki voru sem öðrum landslýð, og allar nýtar hugsjónir og hreyfingar hérlands þjóðlífs komist í vora eigu; framgirni, svo að vér lötrum ekki á eftir öðrum í neinu því, sem til heilla horfir; hjartalag og siðferði sem allra bezt, svo að af oss standi blessun sem aðallega er um að hugsa, fremur en óblessun í þeim efnum; líf vort og limir jafnvel, ef þörf gerist. Þetta skuldum vér landinu, sem vér búum í. Eg fyrir mitt leyti er andvígur hverri hreyfing, íslenzkri eða óíslenzkri, sem leitast við að stela einhverju undan af landskuldinni.

Þessi tilhneiging, að vilja bora sér út í horn, kemur meðal annars upp um sig í fávísu þjóðernisdrambi, sem lítur stórt á “landann”, en niður á allar kynkvísir aðrar, hérlendir og útlendar. Eg hefi heyrt því haldið fram þrafaldlega, og í fullri alvöru, að vér Íslendingar værum slík andleg og líkamleg ofurmenni, slík hrein kynja afkvæmi höfðingjanna norrænu, að vér mættum ekki spillast af of nánú samneyti við annan landslýð. Misjafnlega er auðvitað farið með þessa skoðun í fram-sögninni, en alt ber að sama brunni með lofdýrðina þegar einhver maður af íslenzkum ættum kemst í listamanna-hóp eða leikfélag, eða nær í verðlaun fyrir glímur eða við skólapróf, eða reynist